

EDITH PIAF
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI!

Stóra sviðið kl. 20.00
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
 Fös. 27/8 nokkur sæti laus, lau. 28/8 nokkur sæti laus, fös. 3/9 órfá sæti laus, lau. 4/9, fim. 9/9 nokkur sæti laus, fös. 10/9, lau. 11/9.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
 Sun. 5/9 kl. 14:00, sun. 12/9 kl. 14:00, sun. 19/9 kl. 14:00, sun. 26/9 kl. 14:00.

Litla sviðið kl. 20.00
GRÆNA LANDIÐ - Ólafur Haukur Simonarson
 Fös. 3/9, sun. 5/9 kl. 16:00, fim. 9/9, sun. 12/9. Órfáar sýningar í september.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
 Opíð kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka dagana.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

Munið miðasöluna á netinu

Stóra svið
LÍNA LANGSOKKUR e. Astrid Lindgren
 Su 5/9 kl 14
 Su 12/9 kl 14
 Su 19/9 kl 14
 Su 26/9 kl 14
CHICAGO e. Kender, Ebb og Foss
 Lau 18/9 kl 20
 Lau 25/9 kl 20
 Lau 2/10 kl 20
 Lau 9/10 kl 20

Nýja svið og Litla svið
RÓMEÓ OG JÚLÍA e. Shakespeare í samstarfi við VESTURPORT
 Su 22/8 kl 20 - UPPSELT
 Mi 25/8 kl 20 - AUKASÝNING
 F 26/8 kl 20 - UPPSELT
 Fö 27/8 kl 20, Lau 28/8 kl 20, Su 29/8 kl 20,
 Mi 1/9 kl 20, Fi 2/9 kl 20,
 Fö 3/9 kl 20 - UPPSELT
 Takmarkaður sýningafjöldi
DÝRDEGT FJÖLDASJÁLFSMORD
 e. Arto Paasilina í samstarfi við LANDSLEIK
 Su 22/8 kl 20
 Síðasta sýning - Miðaverð kr. 1.000

Miðasala: 568 8000
 Miðasalan er opin frá kl 10-18, og framað sýningu sýningardaga.

www.borgarleikhus.is midasala@borgarleikhus.is

ROKKSÖNGLEIKURINN
HARÍÐ
 SÝNT Í AUSTURBÆ

Lau. 21.08 24.00 NOKKUR SÆTI
 Miðnætur sýning á menningarnótt

Fös. 27.08 20.00 NOKKUR SÆTI
 Lau. 28.08 20.00 ÓRFÁ SÆTI
 Lau. 04.09 20.00 LAUS SÆTI

ATHI ATRÍÐI Í SÝNINGUNNI ERU EKKI FYRIR VIÐKVÆMA ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

MÍÐASALA Á mbl.is OG Í SÍMA 551 4700

FAME
 Sumarið 2004
 J Vetrargarðinum!

SÍÐUSTU SÝNINGAR:

Hefubundin starfsemi Vetrargarðs Smáralindar fer nú brátt að hefjast og því kveður SUMARSMELLURINN FAME í September.

Síðustu sýningar á söngleikinn "sem hefur skemmt þúsundum Íslendinga konunglega í allt sumar" eru eftirfarandi:

Fös. 03, sept. kl. 19.30 Fös. 10, sept. kl. 19.30
 Fim. 09, sept. kl. 19.30 Sun. 05, sept. kl. 19.30
 Lau. 04, sept. kl. 18.00 Lau. 11, sept. kl. 19.30

MÍÐASALAN er opin á fame.is, á þjónustuborði Smáralindar og í síma 528 8008

SUMARÓPERA REYKJAVÍKUR

Happy End eftir Kurt Weill Bertolt Brecht og E. Hauptmann

5. sýning: sun. 22. ágúst kl. 20.00
 6. sýning: fim. 26. ágúst kl. 20.00

Allra síðasta sýn. lau. 28. ágúst kl. 20.00
 Athugið! Aðeins þessar sýningar

Miðasala í s: 551-2190 www.sumaroperan.is

Loft **KASTALINN**
 SELJAVEGI 2 • 101 REYKJAVÍK

BEINT FRÁ SVÖRTU NEW YORK SÖNGSKEMMTUNIN HARLEM SOPHISTICATE Aukasýning

Fimmtud. 26. ágúst kl. 20.00
ALLRA SÍÐASTA SÝNING

MÍÐASALA 552 3000
 Miðasalan er opin frá kl. 10-18

AUGLÝSINGAÐEILD
 netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111

Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson á Kringlukránni í kvöld


MENNING

Jörðin fyrir augum okkar

Á AKUREYRARVÖKU í dag verður opnuð yfirlitssýning á verkum Boyle-fjölskyldunnar sem býr í London en þessir stórmerkilegu listamenn hafa aldrei áður sýnt á Íslandi.

Boyle-fjölskyldan samanstendur af fjórum listamönnum, þeim Mark Boyle (f. í Glasgow 1934), Joan Hill (f. í Edinborg 1931) og börnum þeirra, Sebastian (f. 1962) og Georgiu (f. 1965). Þau vinna saman sem ein heild, einn listamaður, að öllum verkefnum sínum.

Hjónin Mark og Joan gerðu fyrstu „jarðsneiðina“ (nákvæma eftirmynd af jarðsvæði) árið 1964. Fjórum árum seinna hófu þau verkefni sem nefnist Ferð að yfirborði jarðar. Takmark þeirra var að gera nákvæma eftirmynd af 1.000 hlutum yfirborðs jarðar, sem væru valdir af handahófi. Ævintýrið byrjaði með því að bundið var fyrir augu fólks og það beðið um að kasta plúm í risastórt heimskort til að velja staðina; 70% af plúnum lentu í sjó, en sú fyrsta stakkt í Ísland. Í framhaldinu ferðuðust þau til margra landa, borga og afskekktra staða, hentu ramma á loft og af svæðinu, sem ramminn afmarkaði við lendingu, gerðu þau ofurraunsæja lágmynd sem allajafna var nokkrir fermetrar að stærð. Aðferðin sem þau nota við nákvæma endursköpun jarðsvæðanna – sem eru oft úr óstöðugum efnum eins og sandi, mold og ís – er vel varðveitt leyndarmál fjölskyldunnar. En hún hefur aldrei komið til Íslands, áfangastaðar fyrstu plúunnar, eða haldið þar sýningu fyrir en nú. Jarðsvæðin sem við göngum yfir á hverjum degi, en leiðum yfirleitt hjá okkur, eru færð upp í augnhæð og gerð sýnileg frá algjörlega nýju sjónarhorni. Við horfum hugfangan á það sem við tökum yfirleitt ekkert eftir; þvílík dýrð, þvílík tilviljun. Eða hvað? Hvert strá, sandkorn, mürsteinn eða sígar-



Boyle-fjölskyldan

ettustubbur endurbirtist ljóslifandi með þessari afsteypuáferð.

Á meðan verkin í Ferð að yfirborði jarðar kanna hinn stóra heim sýnir myndaröðin Líkamsverk, ljósmyndir frá seinni hluta sjöunda áratugarins, örheiminn. Þessar stóru ljósmyndir, teknar í gegnum raf-ræna smásjá, eru gríðarlega stækkaðar myndir af örsmáum hlutum húðar og líkama föðurins, Marks Boyle. Ferðinni er heitið í gagnstæðar áttir, til Putalands og Risalands. Vefur hins stóra byggist á því smáa. Í þessum verkum sjáum við hversdagslegt umhverfi okkar frá andstæðum þólmum, veröldina og líkama okkar sem eina heild. Eins og Mark Boyle sagði árið 1966, þá eru í verkunum fjarlægðar allar vísbendingar um frumleika, stíl, hönnun, hnyttni, fágug og mikilvægi. Takmarkið er að búa til eins hlutlægt verk og mögulegt er. Endursköpun án meiningar eða réttlætningar.

Nákvæm lýsing á raunveruleika

Sebastian Boyle segir að þau systkinin hafi vart verið nema um 5-6 ára þegar þau fóru að vinna með foreldrum sínum að myndlistinni. „Hvar sem við áttum heima var stúdíóið ævinlega á heimili okkar, og við ekki há í loftinu þegar við vorum

kominn með hamar, meitil eða önnur verkfæri í hönd og byrjuð að vinna. Við systkinin fórum aldrei í myndlistarskóla; ég lærði heimspeki í háskóla, en hef þó ekki starfað við annað en myndlistina. Við höfum alltaf unnið saman í þessu. Við erum þekktast fyrir jarðarmyndir okkar, sem eru eins konar landslagsmyndir unnar með trefjagleri. Við höfum verið gagnrýnd fyrir list okkar bæði af þeim sem aðhyllast gömlu hefðina í myndlist, þeim sem finnst ekkert vera landslag nema olía á striga, en líka af þeim sem telja sig avant garde, sem segja að við gerum ekkert annað en að búa til eitthvað sem lítur út eins og raunveruleikinn. En þetta finnst okkur góður staður að vera á – einhvers staðar á milli þessara tveggja póla.


Sebastian Boyle segir jarðarmyndirnar verða meðal þeirra verka fjölskyldunnar sem sýnd verða á Akureyri. „Þessar myndir líta út fyrir að vera stykki úr jörðinni, sem við höfum grafið upp og fryst, og í rauninni eru þetta raunverulegir staðir. Verkin okkar tengjast mörgu öðru því sem hefur verið að gerast í myndlist síðustu 30-40 árin, til dæmis jarðarlíst. Markmið okkar með þessum myndum er að gera eins góða nákvæma lýsingu á jörðinni og okkur er unnt.“

Er eitthvað að gerast?

TILVISTARPÆLINGAR og tím-inn, hvenær er eitthvað að gerast og mannlegt eðli eru allt hlutir sem Finnur Arnar Arnarsson myndlistarmaður veltir upp á sýningu sinni í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur, sem var opnuð í gærkvöldi. Það fyrsta sem við blasir er myndbandsverk sem sýnir sex stykki hvíta Arne Jacobsen Sjöu-stóla – aúða. En við nánari eftirgrennslan kemur þó í ljós að stólarnir hafa ekki alltaf verið auðir, enda eru stólar af þessu tagi notaðir daglega í Hafnarhúsinu.

Pegar inn í salinn sjálfan er komið blasa við tuttugu stykki af þessum sama stól í miðju salarins. Á veggjum eru fleiri myndbandsverk, en þau eru ekki af stólum, heldur sjávarþorpum úti á landi. Sjórinn gárast í forgrunninum á tvískiptum myndfletinum og þó að ekkert virðist annað vera að gerast þar, er ef til vill ekki allt sem sýnist. „Vinstra megin eru fyrri tíu mínúturnar af tuttugu mínútna upptökum, hægra megin eru þær síðari. Þarna sjáum við orsök og afleiðingu, eða fortíð og framtíð, sem í raun er allt orðið að einhvers konar fortíð, enda þessar tuttugu mínútur löngu liðnar,“ segir Finnur Arnar og heldur áfram:

„Þessi sýning fjallar dálítið um það þegar okkur finnst ekkert vera að gerast. Þá er ég ekki að halda því fram að ekkert gerist í þessum þorpum, því það er auðvitað fyrst og fremst skilgreiningaratriði hvenær eitthvað er að gerast. Þegar maður



Morgunblaðið/PÖK

„Þessi sýning fjallar um það þegar okkur finnst ekkert vera að gerast,“ segir Finnur Arnar Arnarsson um nýopnaða sýningu sína í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

er á Patreksfirði finnst manni kannski ekkert að gerast og þá langar mann helst til Reykjavíkur, því þar er svo margt að gerast. Þegar maður kemur svo til Reykjavíkur langar mann mest til New York, því þar er allt að gerast. Svona getur maður haldið áfram endalaust, í leit að einhverju sem er að gerast. En við þekkjum líka öll fólk sem hefur fundið lausnina á þessu – að vera hamingjusamt gerandi það sem það er að gera og vera ekkert að leita að neinu öðru.“

Finnur segir sömu þælinguna á ferðinni í stólamyndbandsverkinu og þorpamyndbandsverkinu. „Þó að við sjáum það ekki er fullt að gerast, fullt af sögu á báðum stöðum. Og við vitum að allt sem gerist í mannlegu eðli, ástir, sorgir, upplifanir, gerist í ríku mæli á Þingeyri, rétt eins og í París. Hvenær eitthvað er að gerast er bara spurning um hugarfar.“

Þetta er fyrsta einkasýning Finns Arnars í Listasafni Reykjavíkur, en skemmst er að minnast sýningar

hans í Safni við Laugaveg fyrir á árinu. Á undanförunum árum hefur drjúgur hluti af tíma hans farið í leikmyndagerð, einkum hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu. „Það kemur allveg á hárréttum tíma fyrir mig að fá tækifæri til að sýna hér. Þetta er ekki auðvelt rými – maður fyllir þennan stað ekkert með fermetrum, það er miklu frekar að maður reyni að fylla hann af andrúmslofti. Ég finn að reynslan úr leikhúsinu hefur nýst mér vel við uppsetninguna á þessari sýningu, enda er þetta alltaf spurning um að fá hugmynd og koma henni frá sér, sem er nokkuð sem maður lærir vel í leikhúsinu.“

Til stendur að Finnur Arnar sýni í 8 snemma á næsta ári og segist hann fagna því mjög að vera kominn aftur inn í hringið myndlistarinnar. „Leikhúsið fær að sitja á hakanum í bili. Ég hef verið að vinna á launum sem atvinnumaður í myndlist að undanförunu og það er bara rosalega skemmtilegt. Enda ætlaði ég alltaf að verða myndlistarmaður þegar ég yrði stór.“

Í Hafnarhúsinu stendur einnig yfir sýning Katrínar Sigurðardóttur og Kenjarnar eftir Francisco de Goya. Allar sýningar verða opnar í dag milli kl. 10 og 23 og verður ókeypis inn í tilefni Menningararnætur.

ingamaria@mbl.is